

**650. fundur haldinn mánudaginn 6. október 2003 kl. 11:30  
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

**Mætt:**

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður  
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður  
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF  
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands  
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga  
Dagur Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga  
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

Formaður bauð sérstaklega velkominn nýjan fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, Gunnar Sigurðsson, sem tekur nú sæti Kristjáns Þórs Júlíussonar, sem hefur látið af störfum í ráðinu.

**1. Fundargerð 649. fundar**

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

**2. Merkingar og fleira er snertir móttöku ferðamanna**

Á fundinn mætti Björn Ólafsson forstöðumaður hjá Vegagerðinni. Björn fór yfir merkingakerfi Vegagerðarinnar og upplýsingakerfi stofnunarinnar gagnvart ferðamönnum. Umræður og fyrirspurnir voru um málið.

**3. Erindi Landbúnaðarráðuneytis**

Í erindi Landbúnaðarráðuneytis er óskað eftir tilnefningu í nefnd um uppbyggingu hestamennsku á landsbyggðinni.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að tilnefna Elías Gíslason í umrædda nefnd.

**4. Tillaga að breytingum í fjármögnun umhverfisverkefna**

Umrædd tillaga umhverfisfulltrúa var kynnt á síðasta fundi ráðsins og nú tekin til afgreiðslu.

**Afgreiðsla:** Tillagan samþykkt, en óskað eftir að tillaga að auglýsingu um styrki samkvæmt þessu nýja fyrirkomulagi verði kynnt ráðinu á næsta fundi.

**5. Tillögur vegna umhverfisverðlauna Ferðamálaráðs**

Lögð fram tillaga umhverfisfulltrú að fengnum tilnefningum.

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 12:45.